

Menntabúðir í starfsþróun kennara - Þær virka á netinu!

Birt til heiðurs dr. Ingvari Sigurgeirssyni prófessor sjötugum



Höfundar ásamt Ingvari Sigurgeirssyni á vinnufundi um fjarmenntabúðir. Efst: Sólveig Zophoníasdóttir, Salvör Gissurardóttir, Sólveig Jakobsdóttir. Fyrir miðju: Ingvar Sigurgeirsson, Hróbjartur Árnason, Kristín Dýrfjörð. Neðst: Svava Pétursdóttir.

Sólveig Jakobsdóttir, Hróbjartur Árnason, Kristín Dýrfjörð, Salvör Gissurardóttir, Sólveig Zophoníasdóttir og Svava Pétursdóttir

Upplýsingatækni í menntun, fjarnám og netkennsla hafa verið óvenju mikið í deiglunni á undanförnum misserum vegna COVID-19 faraldursins. Það er ekki bara heilbrigðiskerfið sem reynt hefur á og heilbrigðisstarfsmenn sem hafa staðið í eldlínunni heldur einnig skólakerfið og kennrarar. Margir kennrarar, ekki síst á framhaldsskólastiginu, hafa mikla eða töluverða reynslu af fjarkennslu (Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir, 2020). En mjög mörgum var á hinn bóginn hent út í djúpu laugina varðandi fjar- og netnám og aukna nýtingu stafrænnar tækni þegar skólalokanir og samkomutakmarkanir skullu fyrst á nær fyrirvaralaust í mars 2020.

Stjórnendur við Menntavísindasvið (MVS) Háskóla Íslands skoruðu á starfsfólk að setja fram hugmyndir að verkefnum sem gætu stutt við skóla- og frístundastarf við þessar breyttu aðstæður og voru nokkrir sem svöruðu kallinu (sjá <https://bakhjarl.menntamidja.is>). Við sem þetta skrifum, starfsfólk við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, ákváðum að vinna saman að því að bjóða upp á menntabúðir á neti - eða fjarmenntabúðir - þar sem áherslan væri á jafningjafræðslu um möguleika í fjar- og netnámi (Sólveig Jakobsdóttir, 2020). Vorum við svo heppin að fá Ingvar Sigurgeirsson í lið með okkur í þessum ráðagerðum en hann reyndist lykilmaður í verkefninu og studdi það dyggilega. Við sem mynduðum þennan „fjarmenntabúðahóp“ áttum samráð við fleiri aðila við skipulagningu búðanna og birt var grein í *Skólapráðum* sem fjallaði um fyrirbærið menntabúðir og möguleika þeirra í starfsþróun kennara og kennaramenntun á Íslandi frá 2012 (sama heimild). Eins og þar kemur fram eru menntabúðir óformlegir viðburðir þar sem fólk kemur saman til að kenna hvert öðru og læra saman til dæmis á nýja tækni, forrit, tæki og tól. Þátttakendur geta skipst á að vera í kennara- eða nemendahlutverki og áhersla er á jafningjafræðslu og tengslamyndun. Ekki er um að ræða hefðbundna fyrirlestra heldur oft byggt á sýnikennslu og spjalli í smærri hópum.

Menntabúðir hafa notið sívaxandi vinsælda sem námsform hér á landi. Ýmsir faghópar kennara hafa staðið fyrir menntabúðum, til dæmis í náttúrufræði og sérkennslu (Sólveig Jakobsdóttir o.fl. 2014, 2015) eða í **staerðfræði**. Námsformið virðist ekki síst vera nýtt af þeim sem eru að vinna með upplýsingatækni í skólastarfi eða hafa áhuga á því. Ástæðurnar fyrir því eru margar. Í fyrsta lagi hefur verið mikil þörf fyrir símenntun á sviði upplýsingatækni og að þróa árangursríkar leiðir sem ekki eru of kostnaðarsamar til að fylgjast með örri tæknipróun. Enn fremur er mikil þekking og reynsla víða til staðar hjá kennurum en hún er dreifð. Í menntabúðum er boðið upp á tækifæri til að deila þessari reynslu og hugmyndum, sýna og ræða um tæknimöguleika og verkfæri og mynda tengsl við aðra „á sömu bylgjulengd“. Jafningjafræðsluformið hentar fullorðnum vel, þar sem þeir hafa stjórn á sínu námsferli og geta átt í samskiptum við aðra á jafningjagrundvelli. Þá hefur það sýnt sig að kennaranemar hafa verið mjög ánægðir með að nýta staðlotur að hluta í jafningjafræðslu í menntabúðum og talið það gagnlegt (Sólveig Jakobsdóttir, 2015, 2018, 2019).

Í titli áðurnefndrar greinar í Skólapráðum (Sólveig Jakobsdóttir, 2020) var sett fram spurningin „Menntabúðir í starfsþróun kennara: Geta þær virkað á netinu?“ Þegar sá pistill var birtur í byrjun apríl 2020 höfðum við, höfundar þessarar greinar (ásamt ógleymendum Ingvari Sigurgeirssyni), halddið fyrstu opnu fjarmenntabúðirnar fyrir starfandi kennara. Þær voru haldnar þann 26. mars og gengu ljómandi vel. Þá höfðu tveir háskólakennrarar í fjarmenntabúða-hópnum einnig fært menntabúðir kennaranema, sem halda átti í staðlotum, yfir á netið þá sömu viku með góðum árangri. Frá því greinin í *Skólapráðum* var skrifuð

höfum við haldið nokkrar fleiri fjarmenntabúðir. Við héldum tvennar til viðbótar á vormisseri 2020 í apríl og maí til að styðja við kennara í faraldrinum. Þá fengum við í kjölfarið styrk til að vinna rannsóknar- og þróunarverkefni um fjarmenntabúðir á skólaárinu 2020-2021. Hópurinn er nú í þeirri stöðu að geta eindregið svarað „Menntabúðir í starfsþróun kennara - Þær virka á netinu!“ Í þessum pistli munum við fjalla nánar um fjarmenntabúðir, á hverju við byggjum þetta svar og hvað hafa þurfi í huga þegar þær eru skipulagðar miðað við þá reynslu sem við höfum aflað okkur fram að þessu.

Fjarmenntabúðir á vormisseri 2020

Við fjöllum fyrst um skipulag, þáttöku og reynslu þátttakenda í þrennum fjarmenntabúðum sem haldnar voru á okkar vegum í mars, apríl og maí 2020.

Skipulagið

Grunnskipulag menntabúða og þar með fjarmenntabúða byggir í byrjun á auðum dagskrárramma sem væntanlegir þátttakendur taka þátt í að fylla. Dagskrárrammann settum við upp í opnu ritvinnsluskjali (Google Docs). Allir sem höfðu áhuga á að kynna efni tengt fjar- og netnámi gátu skráð sjálfir upplýsingar um væntanleg framlög. Vísað var á sex aðskildar netfundastofur (í Zoom) þar sem hver sem var gat skráð framlag sitt. Boðið var upp á nokkrar 25-30 mínútna lotur: Fjórar í fyrstu búðunum í mars, þrjár í þeim næstu í apríl og tvær í þeim síðustu í maí. Þá buðum við upp á samverustund í lokin á hverjum búðum þar sem allir gátu komið inn og spjallað. Í aprílbúðunum prófuðum við að nota sjöttu Zoom stofuna sem kaffistofu. Nánari upplýsingar um dagskrá og skipulag má finna á <https://sites.google.com/view/fjarmenntabudir>.

Þátttaka í búðum og könnunum

Þátttakendur, sem ekki ætluðu að bjóða framlag, þurftu ekki að skrá sig sérstaklega til leiks en viðburðir voru settir upp í Facebook á vegum MVS og í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Þar gat fólk gefið til kynna þáttöku eða áhuga á mætingu en hvorki var um eiginlega þátttakentalista að ræða né þáttökugjöld.

Búðirnar voru auglýstar á samfélagsmiðlum, meðal annars í vinsælum Facebook hópum skólafólks (ekki síst á Skólaumbótaspjalli Ingvars Sigurgeirssonar) en einnig var vakin athygli á þeim á ýmsum póstlistum kennara á vegum samstarfsaðila. Þótt fyrirvarinn væri stuttur var mjög góð þátttaka ekki síst í fyrstu tveimur búðunum í mars og apríl en þá voru vel yfir 200 þátttakendur í hvort skipti, sjá Töflu 1. Innan við 100 voru í þeim þriðju í maí þegar skólastarf var aftur að færast í eðlilegt horf. Fjarmenntabúðahópurinn hafði haft

efasemdir um að halda þriðju búðirnar en þátttakendur skoruðu á okkur í lok búðanna í apríl að bæta við þeim þriðju því æskilegt væri að festa þetta námsform betur í sessi. Þegar upp var staðið voru 429 þátttakendur víðs vegar af landinu í búðunum þremur (einni eða fleirum). Samtals var 51 kynning haldin í búðunum þremur: 24 kynningar í búðum 1, 15 í búðum 2 og 12 í búðum 3. Kynnendur voru 22 í búðum 1, 17 í búðum 2 og 14 í búðum 3. Samtals voru 39 kennrarar með framlög. Sumir voru með tvö eða fleiri framlög en í sumum tilvikum voru tveir eða fleiri með sameiginlegt framlag.


Tafla 1. Fjöldi þátttakenda og kynnenda í fjarmenntabúðum 2020 og könnunum um þær.

Fjöldi	Búðir 1 26.3.	Búðir 2 16.4.	Búðir 3 7.5.	Allar búðir á vormisseri
Þátttakendur (áætlaður fjöldi)*	255+7	219+7	60+7	429+7
Facebook viðburður - fjöldi: mæti + sýni áhuga	231+400	105+233	53+287	
Könnun (1-3) þátttaka	57 (22%)	70 (32%)	21 (35%)	
Kynnendur - fjöldi (hlutfall þátttakenda)	22 (8%)	17 (8%)	14 (21%)	39 (9%)
Kynningar - fjöldi	24 (4x6)	15 (3x5)	12 (2x6)	51

* Því miður er ekki er unnt að gefa upp alveg nákvæma tölu um þátttöku en þessar tölur ættu að vera nærrí lagi miðað við skráningarlista í Zoom og talningar á fundunum. Viðbótartalan 7 vísar til okkar sjömenninganna sem skipulögðu búðirnar. Ekki er hægt að leggja saman þátttakendatölur í búðum til að fá heildarfjölda þar sem sumir voru að mæta á tvennar eða þrennar búðir.

Þátttakendum var boðið að taka þátt í könnunum um reynslu sína af fjarmenntabúðum strax í kjölfar allra búðanna þriggja. Því miður var þátttökuhlutfall í könnunum ekki mjög hátt en þó var rúmur fimmtungur (57 af 231, 22%) sem svaraði eftir fyrstu búðirnar og um þriðjungur eftir búðir 2 (70 manns, 32%) og eftir búðir 3 (21, 35%). Hér á eftir munum við lýsa svörum þátttakenda þrátt fyrir lágt svarhlutfall.

Bakgrunnur þátttakenda sem svöruðu könnunum var fjölbreyttur en fjölmennasti hópurinn tengdist grunnskólastiginu. Talsverður hópur var einnig af framhaldsskólastiginu, háskólastiginu og tengdur fullorðinsfræðslu og nokkrir af leikskólastiginu. Mynd 1 sýnir niðurstöður varðandi bakgrunn þátttakenda í könnunum. Hægt var að merkja við fleiri en eitt svið.



Mynd 1. Bakgrunnur þátttakenda í fjarmenntabúðum á vormisseri 2020. Hlutfall sem merkir við tengsl við mismunandi starfssvið.

Um kynningarnar

Kynningarnar voru alls 51 eins og áður hefur komið fram. Innihald þeirra var mjög fjölbreytt og spannaði það helsta sem fólk var að glíma við í tengslum við að flytja kennslu sína á vefinn. Rúmlega fjórðungur kynninganna var tekinn upp í fyrstu búðunum og næstum allar kynningar í búðum 2 og 3. Við greindum kynningarnar í fjóra flokka:


1. Kynningar sem tengjast stofnunum og verkefnum þeirra
2. Skjákynningar og sýningar á verkfærum
3. Kynningar á þróunarverkefnum þar sem ferli er lýst og prófun með nemendum
4. Umræður og hugflæði

Flokkarnir falla ágætlega að hugmyndum um menntabúðir fyrir utan flokk 1. Nokkuð mörg framlög voru á vegum stofnana en fremur fá voru kynningar kennara á þróunarverkefnum þar sem ferli með nemendum var lýst. Kynningar á vegum stofnana og verkefni þeirra voru oftast á glærum eða kynning á vefgáttum með rafrænu efni eða veflægum lausnum. Almennt voru kynningar settar fram á myndrænan hátt.


Virkni þátttakenda gat verið mikil í kynningum í öllum fjórum flokkunum en það var með ólíkum hætti eftir því hvers eðlis framlagið var. Þar skipti máli hvernig kynnendur lögðu upp framlög sín, reynsla þeirra af að virkja þátttakendur og tæknileg umgjörð.

Viðbrögð þátttakenda

Viðhorfakannanir sýndu að þátttakendur sem svöruðu þeim voru flestir ánægðir með framtakið, töldu sig hafa haft mikið eða mjög mikið gagn af þáttökunni og langflestum líkaði betta námsform mjög vel eða vel, sjá Mynd 2 og 3.




Mynd 2. Viðhorf þátttakenda varðandi gagnsemi.



Mynd 3. Viðhorf þátttakenda varðandi fyrirkomulag.

Langflestir þeirra sem svöruðu könnununum töldu öruggt eða líklegt að þeir mættu aftur á sambærilega viðburði (sjá Mynd 4). Þá voru nokkrir sem höfðu áhuga á að skipuleggja sjálfir viðburði af þessu tagi.



Myndi 4. Áhugi þátttakenda á að mæta á sambærilega viðburði í framtíðinni.

Svör þátttakenda í könnunum við opnum spurningum sýndu meðal annars ánægju varðandi skipulag, áherslur og aðgengi á neti, ekki síst meðal landsbyggðarfólks. Dæmi um svör eru eftirfarandi:

- Mjög gott þegar maður býr úti á landi. Eins gott þegar maður vill bara kynna sér eitt efni. Maður myndi aldrei gera sér ferð fyrir hálftíma kynningu en mjög þægilegt að geta valið kynninguna á netinu.
- Þetta var frábært. Ekkert vesen með stærð húsnæðis, fólk ekki að keyra út um allan bæ og ekkert mál að hlusta og spyrja.
- Maður deilir hugmyndum og fær nýjar hugmyndir.
- Rosalega gott á þessum tínum að fá smá kynningu á möguleikum í fjarkennslu, kemur manni af stað til að prófa sig sjálf áfram.
- Frábært aðgengi og þægindi. Myndi gjarnan vilja ítarlegri og dýpri kennslu og kynningu á verkfærum sem hægt er að nota í fjarkennslu. Mjög áhugavert.
- Stuttar og hnítmiðaðar kynningar. Auðvelt að koma spurningum að. Persónulegt þótt ótrúlegt sé.

Eins og fram hefur komið var þáttökuhlutfall í könnunum ekki mjög hátt og álitamál til dæmis hvort þeir sem eru ánægðari sendi frekar inn svör heldur en þeir sem óánægðari eru. Það má þó nefna að kennaranemar við Menntavísindasvið sem tóku þátt í fjarmenntabúðum í mars 2020, með svipuðu skipulagi í Zoom og hér hefur verið lýst, voru mjög ánægðir með þá reynslu sína en mikill meirihluti þeirra (92% svarhlutfall, 36 af 39) svaraði viðhorfskönnum. Mikill meirihluti kennaranemanna (86%) taldi reynsluna hafa verið mjög áhugaverða/skemmtilega og 14% töluvert áhugaverða/skemmtilega. Jafnframt töldu 47% sig hafa lært mjög mikið, 14% mikið og 33% töluvert. Þetta eru svipaðar niðurstöður og hjá fyrri kennaranemahópum (2014-2019) varðandi viðhorf til menntabúða á staðnum.

Fjarmenntabúðir skólaárið 2020-2021

Styrkur fékkst frá Háskóla Íslands sumarið 2020 úr sjóði til að styðja við samfélagsvirkni fyrir framhaldsverkefnið „Fjarmenntabúðir: Stuðningur háskóla við skólastarf með stafrænni tækni“. Markmiðið með verkefninu er að festa fjarmenntabúðir betur í sessi hér á landi og þróa þær áfram sem leið til starfsþróunar. Í verkefnishópnum eru nú átta manns.^[1]

Við höfum nýtt hönnunarmiðaða nálgun (e. design-based) þar sem við prófum mismunandi leiðir, skoðum hvern viðburð og þau gögn sem verða til í tengslum við fjarmenntabúðirnar. Tekið verður mið af þeim upplýsingum til að sníða af hnökra og búa til góð módel um hvernig hægt er að standa að slíkum viðburðum í skólasamfélaginu.

Stefnt er að umtalsverðri miðlun kynningarrefnis og náms- og kennslugagna í stafrænu formi um fjarmenntabúðir. Við höfum komið afrakstri úr búðunum sjálfum á framfæri (upptökur úr kynningum). Við höfum skrifað um þetta námsform og reynsluna af því og kynnt á ráðstefnum. Þá er stefnt að því að gera rafræna handbók með hagnýtum upplýsingum um skipulag fjarmenntabúða (online educamps) og netráðstefna (online conferences).

Nálgun og reynsla hópsins nýttist vel haustið 2020 þegar flytja þurfti Menntakviku - árlega ráðstefnu MVS - á netið. Jafnframt var áhugavert að fylgjast með fjölmennum fjarmenntabúðum sem Eymennt stóð fyrir í október 2020 (200+ þátttakendur). Haldnar voru fjarmenntabúðir á vegum verkefnishópsins 10. desember sl. með áherslu á fjarkennslu og netlausnir og var markhópur búðanna framhalds- og háskólakennrarar. Þessar desemberbúðir þóttu takast vel. Settur var upp viðburður á Facebook í samstarfi við starfsfólk MVS og var upplýsingum um búðirnar deilt á samfélagsmiðlum og póstlistum í samstarfi við Kennarasambandið, Félag framhaldsskólakennara og starfsfólk eða stjórnendur fjögurra háskóla. Í boði voru 12 framlög í sex Zoom stofum í tveimur lotum og voru þátttakendur á milli 60 og 70. Sjá yfirlit um framlög og upptökur á <https://sites.google.com/view/fjarmenntabudir>.

Tvennar fjarmenntabúðir eru á dagskrá hjá okkur á vormisseri 2021. Í fyrri búðunum í febrúar er markhópur sá sami og 10. desember sl. og sama áhersla á fjar- og netnám. Í þeim seinni er markhópur grunn- og leikskólakennrarar.

Hópurinn keypti lénið <https://fjarmenntabudir.is> sem verður nýtt fyrir verkefnið. Þá stóðum við fyrir málstofu og hringborðsumræðu á Menntakviku (Salvör Gissurardóttir og Sólveig Zophoniásdóttir, 2020; Sólveig Jakobsdóttir, 2020b) og fjarmenntabúða-verkefnið var kynnt á European Distance og Elearning Network ráðstefnunni sem haldin var í október 2020 á netinu (Sólveig Jakobsdóttir og Hróbjartur Árnason, 2020). Einnig var verkefnið kynnt á UT-messu 2021 en það var eitt af verkefnum Háskóla Íslands sem valið var í kynningarefni skólans á ráðstefnunni.

Ábendingar til þeirra sem vilja skipuleggja fjarmenntabúðir

Við vinnum nú að gátlista sem getur gagnast öðrum við framkvæmd fjarmenntabúða þegar þeir vilja prófa slíkt form í starfsþróun og jafningjafræðslu. Þar verða meðal annars eftirfarandi atriði:

- Val á tæknilegu umhverfi/netrýmum
- Þjálfun og færni stjórnenda, kynnenda, þátttakenda
- Kynningar og auglýsingar
- Kostnaður og vinnuframlag: tól, vefur, vinnutímar, líka þeirra sem vinna ókeypis
- Ytri umgjörð: lög, öryggismál, friðhelgi, aðgengi, upptökur
- Skráning framlaga og flokkun þeirra
- Góð sýnidæmi, fyrirmyn dir og dæmi um virkni
- Aðgreining á fjarmenntabúðaframlagi og vefstofuerindi (e. webinar)
- Skipulag: upphaf, kynningarlotur, endir
- Félagslegi þátturinn: gleðistundir, kaffistofusamvera
- Kynning á afrakstri (upptökur)
- Þemu og markhópar

Loka- og þakkarorð

Menntabúðir eru, eins og fram hefur komið, skipulagsform fyrir starfsþróun jafningja þar sem þátttakendur kynna leiðir sem þeir hafa sjálfir nýtt í kennslu sinni. Gæði slíkra viðburða liggja að miklu leyti í umræðum þátttakenda, spurningum, svörum og sameiginlegum vangaveltum. Þess vegna skiptir máli fyrir þann sem stýrir ferlinu í hverri netfundastofu, að laða fram þátttöku frá öllum sem eru „til staðar”. Vandinn við það liggr í

að margir sem ekki þekkja til eru vanari að nýta fræðsluviðburði á netinu sem neytendur og hika jafnvel við að koma fram í mynd og grípa hljóðnemann til að spyrja eða gera athugasemdir. En þegar fundarstjórar gengu ákveðið til verks og nýttu þekktar leiðir til að fá fólk til að kynna sig, kveikja á myndavél og segja jafnvel stuttlega frá reynslu sinni af umræðuefninu, gekk iðulega mjög vel að laða fram fjörugar umræður í tengslum við þær kynningar sem boðið var upp á.

Fjarmenntabúða-námsformið er ekki síst mikilvægt á þeim óvissutímum sem við lifum á þar sem nýting stafrænnar tækni og netlausna í skólum getur verið lykill að velgengni nemenda og þess að skólar geti áfram boðið upp á sem besta menntun og fræðslu. Verkefni eins og menntabúðir hefði ekki getað orðið að veruleika nema með samvinnu og gjafmildi þeirra sem að komu. Eins og áður er getið var fjöldi þeirra kynninga sem áhugasamir gátu nýtt sér mikill. Ekki má gleyma að á bak við hvert framlag stendur einn eða fleiri kennrarar og oft nemendur þeirra sem voru hluti af þróunarferlinu. Bak við kennara eru líka samstarfsmenn og stjórnendur sem margir styðja og styrkja sitt fólk. Starfsfólk hjá MVS hefur meðal annars komið að verkinu varðandi kynningar, tæknimál og fleira. Fjarmenntabúðir hafa verið hluti af ferli í lærðómssamfélagi sem hefur náð til allra skólastiga og til ýmissa deilda innan skólanna. Sannarlega er það von okkar sem að komu að ferlið eigi eftir að dafna og þróast og jafnvel öðlast eigið líf. Einn lærðómurinn hefur verið að hvert skólastig getur veitt öðrum skólastigum aðgengi að sérhæfingu og hugmyndum. Fyrir alla þessa samvinnu og velvilja erum við þakklát.

Að lokum langar okkur til að þakka Ingvari Sigurgeirssyni fyrir að hafa verið með okkur í þessari vegferð. Ekki er ónýtt að hafa reynslubolta í mismunandi kennsluaðferðum, mann sem hefur verið með puttann á hinum kennslufræðilega púlsi í áratugi, sem hefur lagt sig fram um að þróa skólastarf á mismunandi skólastigum og verið óþreytandi í að deila góðum hugmyndum og iðulega vera aflvaki lífs þeirra. Öll stöndum við að lokum á tímamótum og horfum yfir farinn veg. Við, sem höfum starfað með Ingvari, værum nokkuð glöð ef okkar starfsakur væri nærri eins gefandi og hans hefur verið.

Kæri Ingvar, við munum hiklaust taka tilboði þínu um að stökkva inn í fjarmenntabúðirnar með okkur og redda málum ef á þarf að halda - höfum þig stöðugt í huga og munum vafalaust nýta okkur það í framtíðinni. Takk fyrir samstarfið!



Hamingjustund í lok fjarmenntabúða 10.12. 2020 nýtt til að heiðra okkar frábæra félaga Ingvar Sigurgeirsson.

Heimildir

Salvör Gissurardóttir og Sólveig Zophoníasdóttir. (2020). *Hvaða form og skipulag er heppilegt fyrir fjarmenntabúðir - gátlisti*. Erindi á Menntakviku - árlegu þingi Menntavísindasviðs, Reykjavík.

<https://menntakvika.hi.is/malstofa/fjarmenntabudir-studningur-haskola-vid-skolastarf/>

Sólveig Jakobsdóttir. (2015). *Educamps in education: Enjoyable “over-the-shoulder learning” to show and share ICT practices*. Erindi og vinnustofa á EDEN 2015 annual conference: Expanding learning scenarios, Barcelona. <https://uni.hi.is/soljak>

Sólveig Jakobsdóttir. (2018). Educamps in distance education: professional development and peer learning for student teachers in ICT. Í A. Volungeviciene og A. Szucs (ritstj.), *Exploring the Micro, Meso and Macro: Navigating between dimensions in the digital learning*

landscape - Conference Proceedings of the EDEN 2018 Annual Conference (bls. 501-507). Genoa: European Distance and E-Learning Network. <http://www.eden-online.org/>

Sólveig Jakobsdóttir. (2019). ICT in teacher education: Educamps and peer learning. Í E. M. Varonis (ritstj.), *International conference on information communication technologies in education - proceedings* (bls. 1-9). Chania, Crete: ICICTE. <http://www.icicte.org/>

Sólveig Jakobsdóttir. (2020a). Menntabúðir í starfsþróun kennara: Geta þær virkað á netinu? *Skólapræðir, 9/4.*

<https://skolathraedir.is/2020/04/09/menntabudir-i-starfsthroun-kennara-geta-thaer-virkad-a-netinu/>

Sólveig Jakobsdóttir. (2020b). *Fjarmenntabúðir í starfsþróun kennara: Viðhorf og reynsla þátttakenda.* Erindi á Menntakviku - árlegu þingi Menntavísindasviðs, Reykjavík.
<https://menntakvika.hi.is/malstofa/fjarmenntabudir-studningur-haskola-vid-skolastarf/>

Sólveig Jakobsdóttir, Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, Þorbjörg Guðmundsdóttir og Svava Pétursdóttir. (2014, mars). *The Educamp model: experience and use in professional development for teachers.* Erindi á NERA (Nordic Educational Research Association), Lillehammer.

Sólveig Jakobsdóttir, Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, Svava Pétursdóttir og Þorbjörg Guðmundsdóttir. (2015, október). *Menntabúðir með margs konar hópum: Reynsla og þróun.* Erindi á Menntakviku árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Reykjavík.
<https://uni.hi.is/soljak>

Sólveig Jakobsdóttir og Hróbjartur Árnason. (2020). Development of online educamps during the COVID-19 pandemic. Í S. K. Softic, A. Teixeira og A. Szucs (ritstj.), *Enhancing the human experience of learning with technology: New challenges for research in digital, open, distance & networked education* (bls. 59-63). Lisbon: European Distance and E-Learning Network. http://www.eden-online.org/wp-content/uploads/2021/01/RW11_SPB_v5.pdf

Þuriður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2020). Fjarkennsla og stafræn tækni í framhaldsskólum á tímum farsóttar vorið 2020: Sjónarhóll kennara og stjórnenda. *Netla, Sérrit - Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19.* <https://netla.hi.is>

[1] Í fjarmenntabúða-verkefnishópnum eru þegar þetta er skrifað Sólveig Jakobsdóttir prófessor, Hróbjartur Árnason lektor, Salvör Gissurardóttir lektor, Svava Pétursdóttir lektor

og Sólveig Zophoníasdóttir doktorsnemi og aðjúnkt við Háskólann á Akureyri. Ingvar Sigurgeirsson professor starfaði með hópnum fram í nóvember en þá bættist Ingileif Ástvaldsdóttir aðjúnkt við sem samstarfsaðili ásamt Sigurbjörgu Jóhannesdóttur verkefnisstjóra við Kennslumiðstöð HÍ. Valgerður Ósk Einarsdóttir kennsluráðgjafi við Kennslumiðstöð Háskólann á Akureyri kom í stað Kristínar Dýrfjörð dósents í ársbyrjun 2021.

Sólveig Jakobsdóttir ([soljak\(hja\)hi.is](http://soljak.hi.is)) er professor í fjarkennslufræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk M.Ed.-prófi 1989 frá University of Minnesota og doktorsprófi frá sama skóla 1996 í kennslufræðum með áherslu á tölvunotkun í menntun. Sólveig hóf störf við Kennaraháskóla Íslands 1997 og hefur stýrt Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun frá stofnun stofunnar 2008. Rannsóknir hennar og kennsla hafa snúið að upplýsingatækni í námi og kennslu og fjar- og netnámi. Vefsíða:

<https://uni.hi.is/soljak>

Hróbjartur Árnason ([hrobjartur\(hja\)hi.is](http://hrobjartur.hi.is)) er lektor í kennslufræði fullorðinna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk kandidatsprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1987 og stundaði í kjölfarið rannsóknir í bibliufræðum við hebreiska háskólann í Jerúsalem og Otto Friedrich Háskólann í Bamberg, Þýskalandi. Árið 1997 lauk hann Aufbau Studium Andragogik frá sama skóla. Hróbjartur starfaði við fullorðinsfræðslu og kennslustjórn við menntakerfi rafiðnaðarmanna til 2003 þegar hann hóf störf við Kennaraháskóla Íslands. Rannsóknir Hróbjarts hafa snúið að notkun upplýsingatækni við nám og kennslu fullorðinna, þátttöku fullorðinna í námi og sambandi sköpunar og náms svo eithvað sé nefnt. Vefsíða:

<https://Namfullordinna.is>

Salvör Gissurardóttir ([salvor\(hja\)hi.is](http://salvor.hi.is)) er lektor í upplýsingatækni við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk Cand. Oceon prófi frá Háskóla Íslands 1981, M.A. prófi frá University of Iowa í námsefnisgerð og námshönnun með áherslu á tölvur í skólastarfí árið 1990. Salvör hefur starfað sem framhaldsskólakennari í Reykjavík og sem námstjóri í tölvugreinum í grunnskólum og framhaldsskólum í menntamálaráðuneyti og sem sérfræðingur í málefnum upplýsingasamfélagsins í forsætisráðuneyti. Salvör hóf störf við Kennaraháskóla Íslands árið 1991. Rannsóknir hennar og kennsla hafa tengst upplýsingatækni í námi og kennslu, opnu menntaefni(OER), netnámi, forritun, stafrænni sögugerð og tölvuleikjum í námi.

Svava Pétursdóttir ([svavap\(hja\)hi.is](http://svavap.hi.is)) er lektor í yngri barna kennslu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1989 og doktorsprófi frá University of Leeds 2013. Hún kenndi í 15 ár yngri bekkjum auk náttúrufræði og stærðfræði

á ungingastigi í Grunnskólanum í Sandgerði og Heiðarskóla í Reykjanesbæ. Rannsóknir hennar beinast að kennslufræði, sköpunarsmiðjum í skólastarfi, kennslu náttúrugreina og upplýsingatækni.

Kristín Dýrfjörð (dyr(hja)unak.is) er dósent við kennaradeild Háskólangs á Akureyri. Kristín starfaði sem leikskólastjóri í um áratug og var virk í félagsstörfum fyrir Félag leikskólakennara. Hún tók þátt í að rita síðustu tvær aðalnámskrár leikskóla. Rannsóknir hennar snúa að lýðræði í starfi leikskóla, skapandi starfi í leikskólum og áhrifum stefnumótunar og hugmyndafræði á leikskólastarf.

Sólveig Zophoniásdóttir (sz(hja)unak.is) er aðjúnkt við kennaradeild hug- og félagsvíndasviðs Háskólangs á Akureyri. Hún lauk grunnskólakennaraprófi með áherslu á myndmennt frá kennaradeild Háskólangs á Akureyri, framhaldsnámsdiplómu í tölvu- og upplýsingatækni frá Kennaraháskóla Íslands og meistaraprófi í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Hún stundar nú doktorsnám í menntavísindum við Háskóla Íslands. Sólveig hefur hannað og stýrt starfsþóunarverkefnum víða um land og hefur um langt skeið starfað með kennurum og stjórnendum að fjölbreyttri starfsþróun í tengslum við leiðtoganám í stærðfræði, leiðsagnarmat, samræður í námi og upplýsingatækni. Rannsóknir Sólveigar snúa að gæðum kennslu í skólastarfi með sértakri áherslu á upplýsingartækni og nemendaþátttöku.

Gestaritstjórn afmælisgreina Ingvars Sigurgeirssonar: Anna Kristín Sigurðardóttir
prófessor, Baldur Sigurðsson dósent og Gerður G. Óskarsdóttir fyrrverandi fræðslustjóri
Reykjavíkur.



